

Mál nr. 54/2007

M

og

Vátryggignafélagið X v/ferðatryggingar greiðslukorts

Ágreiningur um réttarstöðu vegna hvarfs á munum á ferðalagi í Egyptalandi í janúar 2007

Gögn.

1. Málskot móttakið 05.03. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggignafélagsins til nefndarinnar, dags. 05.03. 2007 og 16.03. 2007, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M lætur þess getið í málskotinu m.a. að hann hafi verið um borð í báti ásamt öðru fólki. Meðan á ferð stóð hafi einhver tekið úr tösku konu hans farsíma, armbandsúr og gleraugu. Þau hafi ekki orðið vör við þetta fyrr en þau komu aftur á hótél. ”Einnig hafi horfið af hótélherbergi þeirra gullhringur” sbr. nánar fyrirliggjandi gögn. M telur sig hafa gert það sem ”best var hægt að gera miðað við aðstæður um borð. Við gengum frá dóti okkar undir fötum á bekk þar sem aðrir farþegar gerðu það sama töldum við það vera ok....”

Vátryggignafélagið vísar til skilmála greinar 5.1 þar sem segir svo um gildissvið: ”Vátryggt er gegn tjóni sem verður á einkamunum af völdum bruna, þjófnaðar, innbrots, ráns, skemmdarverka eða flutningsslyss. Skilyrt er að hinn vátryggði hafi gætt fyllsta öryggis við vörslu hins vátryggða”. Félagið vísar og til greinar 5.2.9 þar sem fram kemur að félagið bætir ekki ”tjón á hlutum sem einhver hinna vátryggðu týnir, missir, gleymir, misleggur eða skilur eftir á almannafæri eða í ólæstum hýbílum, geymslum, bifreiðum og bátum.” Félagið hafnar bótaskyldu vegna þeirra muna sem hurfu í bátsferðinni með vísan til greinar 5.2.9 og einnig greinar 5.2.12 varðandi þjófnað úr bátum. Varðandi hringinn sem týndist, hafnar félagið bótaskyldu með vísan til þess að ekki hafi verið upplýst með fullnægjandi hætti hvert tjónsatvikið hafi verið og jafnvel ”þó lagt yrði til grundvallar að hringurinn hefði tapast á hótélherbergi, eins og vátryggingartaki telur sennilegast, þá er ljóst að tjónsatvikið myndi hvort eð er ekki falla innan gildissviðs farangurstryggingarinnar eins og það er afmarkað í grein 5.1 í skilmálum”.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur vátryggður ekki sýnt fram á bótaábyrgð félagsins. Varðandi þá muni sem týndust í bátsferðinni er um undanskilda áhættu að ræða sbr. grein 5.2.9 í skilmálum vátryggingarinnar. Óljóst er hvar umræddur hringur tapaðist. Hvarf hans fellur þar af leiðandi utan vátryggingaverndar félagsins.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 27. mars 2007

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.